

7. gr.

92  
11. júní

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Reglur

93  
11. júní

**og leiðbeiningar um sölu og útflutning á óþurkuðum saltfiski.**

(Tilkynning nr. 1 frá útflutningsnefndinni).

1. gr.

Samkvæmt samningi á milli stjórna Bandamanna og íslensku stjórnarinnar er skylt að bjóða fulltrúa Bandamanna hjer í Reykjavík allar íslenskar afurðir til kaups, jafnóðum og þær eru tilbúnar til útflutnings, að því leyti sem þær eigi verða notaðar í landinu sjálfu.

Öll sala fer fram gegnum landsstjórnina, og annast útflutningsnefndin allar framkvæmdir á henni samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 3. þ. m., og enn fremur reglugjörð stjórnarráðsins, dagsettri í dag.

2. gr.

Samkvæmt samningum ber að afhenda fiskinn á þessum höfnum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. En fulltrúi Bandamanna hefir fallist á við nefndina að kaupa óþurkaðan saltfisk fyrst um sinn til 31. júlí, einnig á þessum stöðum: Keflavík, Hafnarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði, Þingeyri, Siglufirði og Norðfirði. Er þess þó krafist um Keflavík, að þar verði á boðstólum minst 200 smálestir og Stykkishólmi minst 100 smálestir.

93

11. júní

3. gr.

Útflutningsnefndin sinnir eigi framboðum nema frá kaupmönnum, er kaupa fisk fyrir eigin reikning til heildsölu innanlands eða til útflutnings, ellegar frá fjelögum, er útflutningsnefndin viðurkennir, svo og frá útgerðarmönnum, er hafa talsverða framleiðslu. Sökum nauðsynlegra ráðstafana er mælt til, að allir kaupmenn, fjelög og útgerðarmenn, sem hafa fisk með höndum, komi með framboð sín svo fljótt sem unt er. Og eigi mega þau síðar vera fram komin en 15. júlí næstkomandi.

4. gr.

Samkvæmt nefndum samningi er verðið á fyrstu 12000 smál. af alskonar fiski, sem Bandamenn kaupa, þannig:

a. Ópurkaður saltfiskur:

Stórfiskur . . . . .	kilogr.	0.61
Stór netjafiskur . . . . .	—	0.57
Smáfiskur (allar tegundir) —		0.56
Ýsa . . . . .	—	0.49
Ufsi . . . . .	—	0.46
Keila . . . . .	—	0.47
Langa. . . . .	—	0.61

b. Fullverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1 . . . . .	skpd.	170 kr.
— — 2 . . . . .	—	154 —
— lakari tegundir, þar með talinn lakur netjafiskur . . . . .	—	140 —
Netjafiskur stór nr. 1 . . . . .	—	161 —
— — 2 . . . . .	—	149 —
Smáfiskur nr. 1 . . . . .	—	157 —
— — 2 . . . . .	—	149 —
Labradorfiskur, þurkaður sem venja er til	—	123 —
Ýsa nr. 1 . . . . .	—	140 —
— nr. 2 . . . . .	—	132 —
Ufsi nr. 1 . . . . .	—	132 —
— nr. 2 . . . . .	—	123 —
Keila nr. 1 . . . . .	—	140 —
— nr. 2 . . . . .	—	132 —
Langa nr. 1 . . . . .	—	170 —
— nr. 2 . . . . .	—	154 —

Alt verðið er háð þeim skilyrðum, sem tilgreind eru hjer á eftir, og gilda þau skilyrði einnig um fullverkaðan saltfisk, það sem þau ná.

93  
11. júní

#### 5. gr.

Allur saltfiskur á að vera metinn af hinum skipuðu eiðsvörnu matsmönnum, sem staðfesta, að fiskurinn sje vel saltaður og óaðfinnanleg góð vara, af hverri tegund út af fyrir sig, og skal fiskurinn hafa legið að minsta kosti 28 daga í salti, áður en hann er vigtaður til sölu.

#### 6. gr.

Fulltrúi Bandamanna getur krafist 14 daga frests til að ákveða, hvort hann vilji sinna kaupum, þó getur hann, ef þörf þykir, krafist lengri tíma til að lúka skoðun á fiskinum og ákveða um kaupin að því búnu. Sinni hann kaupum, mega líða 30 dagar þangað til borgun fer fram, eða 30 dagar frá því að vottorð matsmanna hefir borist fulltrúanum; en verði vörinni skipað út fyrir þann tíma, skal verðið greitt um leið.

Ganga má að því vísu, að fulltrúinn kaupi allan þann ópurkaða saltfisk, sem boðinn verður innan hins ákveðna tíma (sjá 3. gr.) og á stöðum þeim, sem tilteknar eru í 2. gr.

#### 7. gr.

Skylt er seljendum að flytja allan fisk um borð, greiða tolla og önnur gjöld kaupanda að kostnaðarlausu, og skal fiskurinn allur vera pakkaður í hreinar, sterkar strigaumbúðir (Hessian), ef krafist verður og sje það hægt, og í 50 kg. pakka, auk umbúða, eða bundinn með snærum í 50 kg. bindum, eða laus í skip, alt eftir vali kaupanda. Sje fiskurinn aðeins í bindum, skal dregið frá andvirði hans kr. 1.75 fyrir hver 160 kg., en sje honum hlaðið lausum í skip skulu dregnir frá 50 aurar fyrir hver 160 kg., sem þóknun fyrir innanklæðning í skipið.

#### 8. gr.

Á meðan fiskinum er eigi skipað út, hvílir vátryggingarskylda á seljendum, á ábyrgð landsstjórnar, en kaupandinn endurgreiði vátryggingargjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því kaup gerðust í hvert skifti. Sömuleiðis er það skylda seljanda að geyma fiskinn í sínum húsum meðan honum er ekki skipað út, en seljendur fá borgaðan geymslukostnað, hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því að kaupin gerðust, og skal það reiknað eftir því sem venja er til, eða eftir samkomulagi. Kröfur um endurgreiðslu á slíkum gjöldum skulu sendar útflutningsnefndinni tafarlaust, þegar varan er komin um borð.

11. júní

Komi það fyrir, að fulltrúi Bandamanna afsali forkaupsrjetti sínum, má útflutningsnefndin flytja vöruna út til viðtakanda í löndum Bandamanna, Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, eða til viðurkendra viðtakanda í viðurkendum hlutlausum löndum að áliti Bandamanna.

## 10. gr.

Komi það fyrir, að fulltrúi Bandamanna kaupi meira en ofangreindar 12000 smálestir af alskonar fiski, er verðið ákveðið þannig:

*a. Þurkaður saltfiskur.*

Stórfiskur . . . . .	kilogr.	0 90
Stór netjafiskur . . . . .	—	0.85
Smáfiskur (allar tegundir) . . . . .	—	0.82
Ýsa . . . . .	—	0.72
Ufsi . . . . .	—	0.67
Keila . . . . .	—	0.70
Langa . . . . .	—	0.90

*b. Fullverkaður saltfiskur.*

Stórfiskur nr. 1 . . . . .	skpd.	250	kr.
— nr. 2 . . . . .	—	225	—
— lakari tegundir, þar með talinn lakur netjafiskur . . . . .	—	206	—
Netjafiskur stór nr. 1 . . . . .	—	237	—
— — — 2 . . . . .	—	219	—
Smáfiskur nr. 1 . . . . .	—	231	—
— — 2 . . . . .	—	219	—
Labradorfiskur, þurkaður sem venja er til	—	181	—
Ýsa nr. 1 . . . . .	—	206	—
— — 2 . . . . .	—	194	—
Ufsi nr. 1 . . . . .	—	194	—
— — 2 . . . . .	—	181	—
Keila nr. 1 . . . . .	—	206	—
— — 2 . . . . .	—	194	—
Langa nr. 1 . . . . .	—	250	—
— — 2 . . . . .	—	225	—

Kaup með þessu verði eru háð sömu kvöðum og skilyrðum, sem þegar eru tekin fram.

## 11. gr.

93

11. júní

Verð fyrir þann fisk, sem seldur verður umfram tilgreindar 12000 smálestir, hvort heldur að fiskurinn selst til fulltrúa Bandamanna eða frjáls sala fæst á honum til tiltekinna landa, verður að lokum lagt við verðið fyrir ofanefndar 12000 smálestir þannig, að eitt jafnaðarverð fáiist, að kostnaði frádregnum, fyrir hverja tegund fiskjarins út af fyrir sig.

Nánari reglur og leiðbeiningar um sölu og útflutning á fullverkuðum saltfiski verða auglýstar síðar.

Reykjavík, 11. júní 1918.

*Thor Jensen,*      *Pjetur Jónsson.*      *Ó. Benjaminsson.*  
p. t. form.

## Reglur

94

12. júní

### um sölu og útflutning á lýsi.

(Tilkynning nr. 2 frá útflutningsnefndinni).

## 1. gr.

Öllum framleiðendum eða öðrum sem kunna að hafa eða eignast lýsi af þessa árs framleiðslu, er skylt að bjóða ensku stjórninni það til kaups svo fljótt sem auðið er og annast útflutningsnefndin framkvæmdir á því, samanber auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 11. þ. m., og gilda þar að lútandi eftirfarandi reglur og leiðbeiningar.

## 2. gr.

Samkvæmt samningnum ber að afhenda lýsið á þessum höfnum:

Reykjavík,  
Ísafirði,  
Akureyri,